



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

1. árg. 3. tölublað. Apríl 2005.

EFNI:

HIV-smit:

Lágt nýgengi á Íslandi **bls. 1**

Klamydía á Íslandi **bls. 2**

Inflúensu-bóluefni fyrir 2005–2006 **bl. 2**

Ritstjórn

Haraldur Briem
sóttvarnalæknir, ábm.

Ása Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórólfur Guðnason

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

HIV-SMIT: LÁGT NÝGENGI Á ÍSLANDI

Í árslok 2004 höfðu verið tilkynnt til sóttvarnalæknis 176 tilfelli af HIV- sýkingu frá upphafi skráningar. Þar af höfðu 56 sjúklingar greinst með alnæmi og 36 látist af völdum sjúkdómsins. Á árinu 2004 greindust einungis fimm manns með nýsmit af völdum HIV. Síðustu 15 árin hafa ekki greinst jafnfáir með HIV-sýkingu.

Fyrstu þrjú mánuði þessa árs hefur verið tilkynnt um tvö tilfelli af HIV-smiti hér á landi. Spyrja má hvort raunverulega sé að draga úr smiti af völdum HIV á Íslandi.


Umfangsmesta reglubundna vöktun HIV-smits fer fram meðal blóðgjafa í Blóðbankanum, en þar eru u.þ.b. 2.000 nýir blóðgjafar rannsakadir á ári hverju. Þessi hópur er valinn með tilliti til lítillar hættu á smiti. Ekki liggja fyrir tölur um fjölda þeirra sem koma af sjálfsdáðum til mótefna-mælinga, en hann er væntanlega ekki mikill. Greining á HIV- smiti byggist því fyrst og fremst á árvekni lækna gagnvart HIV-smiti ef grunur er um sýkingu vegna áhættu- hegðunar eða einkenna.

Á árunum 1986, 1990 og 1996 voru gerðar rannsóknir á algengi HIV-smits hjá sjúklingum sem leituðu til Borgarspítalans af öðrum ástæðum en vegna HIV eða alnæmis. Algengi HIV-smits var eftirfarandi:

1986: 0,1% (1000 sjúklingar;
95% vikmörk: 0–0,56%),
1990: 0,02% (4924 sjúklingar;
95% vikmörk: 0–0,1%)
1996: 0% (1221 sjúklingur;
95% vikmörk: 0–0,3%).

Mikilvægt er að endurtaka slíka faralds-fræðileg rannsókn á HIV-smiti til að staðfesta lágt nýgengi sjúkdómsins á Íslandi.


Því fer fjarri að alnæmisfaraldurinn sé í rénun á heimsvísu. Mörg teikn eru um að HIV-smit sé aftur farið að breiðast út meðal áhættuhópa hjá nágrannaþjóðum okkar. Því er mikils um vert að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur við að hefta útbreiðslu HIV-smits hér á landi með öflugri fræðslustarfi.



KLAMYDÍA Á ÍSLANDI

Klamydía er algengust meðal einstaklinga á aldrinum 15–29 ára.

Mun fleiri 15–19 ára stúlkur greinast með klamydíu borið saman við karlkyns jafnaldra þeirra.



Frá árinu 1997 fjölgaði klamydíutilfellum á Íslandi nánast stöðugt fram til ársins 2003, en á því ári fækkaði tilfellum um 22% miðað við árið á undan. Svo virðist sem fjöldi tilfella hafi dregist hvað mest saman hjá 15–19 ára stúlkum, en einnig var umtalsverð fækkun tilfella hjá 20–24 ára konum og körlum 15–19 ára.

Tilfellum fór aftur fjölgandi á árinu 2004 með 6% aukningu miðað við árið áður og var aukning í öllum hópum nema meðal kvenna 20–24 ára og karla 25–29 ára (sjá mynd).

Ekki er fyllilega vitað hvað leiddi til fækkunar tilfella á árinu 2003, en líklegt er að um samspil nokkurra þátta sé að ræða. Forvarnir með fræðslu í menntaskólum landsins

voru öflugar en einnig var fjöldi innsendra sýna á rannsóknarstofuna í sýklafræði nokkuð lægri en árið áður.

Klamydía er algengust meðal einstaklinga á aldrinum 15–29 ára. Mun fleiri 15–19 ára stúlkur greinast með klamydíu borið saman við karlkyns jafnaldra þeirra, en fjöldi tilfella eykst mjög hjá karlmönnum í aldurshópnum 20–24 ára (sjá mynd). Meðalaldur kvenna við greiningu á síðastliðnu ári var 22 ár og meðalaldur karla 24 ár.

Ekki eru merkjanlegar árstíðabundnar sveiflur í fjölda greindra klamydíutilfella. Dreifing þeirra er jöfn yfir árið.

Skýlt er að tilkynna klamydíutilfelli til sóttvarnalæknis, en meðhöndlandi læknir sér um að rekja smitleiðir sýkingarinnar.

	Fjöldi tilfella	Á 100 þúsund
1997	1586	585
1998	1550	566
1999	1687	609
2000	1819	647
2001	2122	744
2002	2088	726
2003	1638	566
2004	1735	593

INFLUENSUBÓLUEFNI FYRIR 2005—2006

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ráðleggur að influensubóluefni á norðurhveli fyrir tímabilið 2005–2006 innihaldi eftirtalda veirustofna (WHO Weekly Epidemiological Record, 2005, 80, 65–76):

A/Nýju-Kaledoniu/20/99 (H1N1) - líka veiru.

A/Kaliforníu/7/2004 (H3N2) - líka veiru.¹

B/Shanghai/361/2002 - líka veiru.²

Nánar verður tilkynnt um bólsetningar gegn influensu næsta haust í dreifibréfi Landlæknisembættisins.

¹ Verið er að þróa veirustofna fyrir bóluefnisframléiðslu (sjá nánar: <http://www.who.int/influenza>).

² Þeir bóluefnisstofnar sem eru notaðir um þessar mundir eru: B/Shanghai/361/2002, B/Jiangsu/10/2003 og B/Jilin/20/2003.